

# MONITOR



FRÍTT  
EINTAK

*Sumarblær - íslensk hönnun og smíði*

19.300 kr.

7.800 kr.

17.700 kr.

Daisy hálsmen  
17.900 kr.

Daisy lokkar  
21.900 kr.

Daisy hringur  
29.900 kr.

GEORG JENSEN  
ESTABLISHED 1904

*Skartgripir og úr - góðar jólagjafir*

Adidas  
13.600 kr.

Adidas  
14.900 kr.

Armani  
48.000 kr.

Casio  
11.900 kr.

Casio  
6.100 kr.

Arne Jacobsen  
64.900 kr.

Arne Jacobsen  
64.900 kr.

Arne Jacobsen  
64.900 kr.

Rosendahl  
24.900 kr.

Rosendahl  
24.900 kr.

Jacques Lemans  
35.400 kr.

Jacques Lemans  
30.700 kr.

Jacques Lemans  
70.500 kr.

Jacques Lemans  
70.500 kr.

Movado  
127.500 kr.

Diesel  
18.900 kr.

Diesel  
18.100 kr.

Fossil  
19.900 kr.

Skoðaðu glæsilegt úrval jólagjafa á [michelsen.is](http://michelsen.is)

**MICHELSEN**  
ÚRSMÍÐIR SÍÐAN 1909

Fylgstu með jóladagatali Monitor á Facebook-síðunni okkar. Þar munum við birta eitt af 24 uppáhaldsjólaögum Monitor á hverjum degi fram að jólum.



## Kjartan klifurfús

### KJARTAN JÓNSSON

**Fyrstu sex:** 181293.  
**Í klifri síðan:** 2006.  
**Uppáhaldsmatur:** Íslensk kjótsúpa.  
**Skemmtilegasta klifursvæðið:** Hnappavellir.  
**Uppáhaldsklifrari:** Chris Sharma.  
**Uppáhaldstónlistarmaður:** Steely Dan.

Um helgina fer fram **Norðurlandamót ungmenna í klifri** en þangað fara átta galvaskir einstaklingar sem keppa fyrir Íslands hönd. **Kjartan Jónsson** keppir nú á mótinu í þriðja sinn og stefnir að sjálfsögðu á verðlaunasæti.

„Við förum út á morgun. Á laugardaginn fara fram undanúrslit og svo eru úrslit á sunnudag,“ segir Kjartan en hann hefur farið tvisvar áður og í bæði skiptin unnið til verðlauna en það verður að teljast gott því að um 200 manns taka þátt í mótinu. „Í fyrra skiptið krækti ég í silfrið en í seinna fékk ég brons.“ Klifurfélagið sér um að velja þá einstaklinga sem það telur að muni standa sig best og er þá tekið mið af æfingum og eins keppnum hérlendis en Íslandsmeistaramótariðin inniheldur fjögur mót á ári.

Á Norðurlandamótinu er keppt í svokallaðri grjótgímu sem á ensku heitir „bouldering“ en þá er klifrað í lágum klettabeltum eða steinum sem eru um tveir til þrjú metrar á hæð. „Í undanúrslitum er allur hópurinn inni í einu en hver aldurshópur inniheldur um 20 manns. Þá eru sex mismunandi leiðir sem þarf að klifra og dómarar

telja hversu margar tilraunir keppendur þurfa til að klára hverja leið fyrir sig. Af því að allir eru inni þá getur maður lært af hinum keppendum.“ Það er aftur á móti ekki hægt í úrslitunum því þá er bara einn keppandi inni í einu. „Þá er maður í algjörru einangrun og þarf að klifra fjórar leiðir án þess að hafa séð neitt.“

### Mikil gróska í klifrinu

„Til að verða góður í klifri er mikilvægt að vera sterkur í efri partinum en mestu máli skiptir að æfa sig mikið og klifra eins oft og maður getur. Maður verður ekkert góður að klifra ef maður er bara að lyfta lóðum.“ Mikil gróska er í klifurmenn-ingunni á Íslandi og eiga um 300 manns kort í Klifurhúsinu en þar er hægt að æfa þegar hentar og eins lengi og menn vilja. Í Bjarkarhúsinu í Hafnarfirði er líka aðstaða fyrir klifra en þar er

æft á tilsettum tímum og undir handleiðslu þjálfara. „Ég er persónulega ekki með neinn þjálfara en ég eyði mjög miklum tíma í Klifurhúsinu og það virðist skila sér ágætlega. Stemningin er líka alltaf góð og fólk hjálpast að við að leysa ýmsar leiðir. Áhuginn er orðinn það mikill að húsið er of lítið fyrir allan fjöldann sem stundar þar klifur.“

Grjótgíma er stunduð í meira mæli hérlendis en línuklifur því að í glímunni þarf enga línu, belti eða féлага en Kjartani finnst þó línuklifrið skemmtilegra. „Mér finnst bara skemmtilegra að sigrast á 20 metra háum vegg heldur en á lágum stein en svo eru margir ósammála mér í því.“ Sumrin eru í uppáhaldi hjá Kjartani því þá getur hann klifrað utandyra. „Hnappavellir eru algjör snilld. Þar eru þrjú kílómetrar af klettabelti og því ótal leiðir sem hægt er að klifra.“

jri

## Monitor mælir með

### FYRIR ÞJÓÐINA

Sómi Íslands, sverð og skjöldur um þessar mundir er án efa kvennalandsliðið í handbolta. Liðið hélt til Brasilíu í vikunni til að undirbúa sig fyrir áttök helgarinnar en þá hefur liðið leik á HM. Er þetta í fyrsta sinn sem íslenskt kvennalandslið í flokkaþrótt keppir í loka-keppni heimsmeistaramóts. Monitor hvetur lesendur til að fylgjast með gangi mála og hvetja stelpurnar okkar áfram.



### Í GOGGINN

Nýverið opnaði veitingastaðurinn Sushisamba í Þingholtsstræti sem er athyglisverður að því leyti að þar mætir japönsk matarmenning suður-amerískri matargerð. Hér er á ferðinni staður með spennandi matseðil sem matgæðingar og einkum sushi-áhugamenn ættu ekki að láta framhjá sér fara.

### FYRIR JÓLIN

Það er til ógrynni af skemmtilegum jólabíómyndum sem notalegt er að horfa á í faðmi fjölskyldunnar. Monitor mælir með því að lesendur hói saman mannskapnum og skelli mynd á borð við Christmas Vacation, Home Alone eða Elf, svo einhverjar séu nefndar, í tækið á adventunni. Kannski gæti popp með malt og appelsín orðið hið nýja popp og kók.



## Vikan á ...

### facebook



**Logi Geirsson**  
 Var að fá lagið í hendurnar, þið gerið ykkur ekki grein fyrir því hversu glaður ég er með útkomuna ;)

29. nóvember kl. 9:38



**Jógván Hansen**  
 Takk til tykkum öll sum komu á Frostrósunar í vikuskiftinum.

Hetta var ein fantastisk löta fyrri ökkum at framföra fyrri so nógvum og góðum gestum. Eg vóni at vit kunni gera hett

28. nóvember kl. 13:57



**Gunnleifur Gunnleifsson**  
 Á 3.ára gaur sem syngur come on feel

the noise með Slade STANS-LAUST!

28. nóvember kl. 9.24



**Halldór Halldórsson**  
 Ef það fer ekki einhver að stíga Pasodoble

í Dans Dans Dans, mun alþjóðasamband dansara dæma keppnina ógilda.

27. nóvember kl. 10:50

## Feitast í blaðinu

Rapparamir Emm-sjé Gauti, IMMO og Opee tröða upp á **Svinari** á föstudaginn. >>6



Stíllinn kíkti í MR og Versló til að taka púlsinn á tisku unga fólksins. >>8

Logi Geirs var tekinn af löggunni þegar hann var rúntandi um tólf ára að aldri. >>11



Orð í belg fjallar um tækni og hvað framtíðin gæti borið í skauti sér. >>17

Af hverju fá börn stórstjarnanna í Hollywood alltaf svona skryt-in nöfn? >>18



## Efst í huga Monitor

### Þú á forsíðu Monitor?

Mjög ofarlega í huga Monitor þessa vikuna er klárlega skemmtilegi leikurinn sem er að fara af stað á Fésbókarsíðunni okkar. Nú getur þú séð hvernig þú tekur þig út á forsíðu Monitor. Láttu hugmyndaflugdi ráða og finndu stellingu sem hefur ekki sést áður. Gott er að hafa í huga að hendur koma alltaf við sögu á forsíðunum.

Og það er ekki nóg með að það sé gaman að vera á forsíðu Monitor í leiknum heldur gefst níu heppnum einstaklingum kostur á að komast á forsíðu blaðsins í alvörunni. Þessir níu einstaklingar munu svo keppast um að fá sem flest „like“ á Facebook og mun sá einstaklingur sem stendur uppi með flest „like“ vinna glæsileg verðlaun. Hinir níu munu líka fá skemmtileg verðlaun.



Nú, sjón er sögu ríkari og því hvetjum við ykkur til að drífa ykkur inn á Facebookið okkar, [www.facebook.com/monitorbladið](http://www.facebook.com/monitorbladið) og taka þátt í leiknum.

Inn á Facebook, núna. Nei. Klára að lesa blaðið og svo inn á Facebook.

Tækifærið er ykkar.

Og hana nú.

Rosalega er þetta skritinn pistill. En það er bara af því að upphafsstafr efnisgreinanna mynda orðið Monitor. Magnað alveg hreint.

jri

# Dans dans dans #5

Sjónvarpsþátturinn **Dans dans dans** heldur göngu sinni áfram um helgina. **Monitor** tók púlsinn á keppendum næsta laugardags sem tilheyra fimmta holti undanúrslita.

## HREFNA DÍS HALLDÓRSDÓTTIR

**Aldur:** 18 ára.  
**Staða:** Nemi við Flensborgarskólann í Hafnarfirði.  
**Reynsla af dansi:** Æfði fírníleika í tvö ár þegar ég var lítil og hef æft dans í átta ár.  
**Dansstíll:** Afbrigði af argentískum tangó og cha-cha-cha.  
**Uppáhaldsdansbímynd:** Step Up.  
**Lagið sem fær mig alltaf til að dilla mér:** Lagið Sway.  
**Markmið í keppinni:** Að koma dansinum á framfæri og sýna hvað Ísland á marga góða dansara.



## Hrefna og Freyþór

## SNÆFRÍÐUR INGVARSDÓTTIR

**Aldur:** 19 ára.  
**Staða:** Nemi við Listdanskóla Íslands.  
**Reynsla af dansi:** Hef lært dans í níu ár og er að útskrfast úr Listdanskólanum núna um jólin.  
**Dansstíll:** Nútímadans.  
**Uppáhaldsdansbímynd:** Pina.  
**Lagið sem fær mig alltaf til að dilla mér:** Rock With You með Michael Jackson.  
**Markmið í keppinni:** Að gera mitt besta og hafa gaman.



## Snæfríður

## MBL SJÓNVARP

... sýnir frá stemningunni baksviðs þar sem Haffi Haff fer á kostum í Dans dans dans extra.

## EMILÍA BENEDIKTA GÍSLADÓTTIR

**Aldur:** 26 ára.  
**Staða:** Dansari hjá Íslenska dansfloknum.  
**Reynsla af dansi:** Hef verið að dansa hjá Íslenska dansfloknum í sjö ár.  
**Dansstíll:** Nútímadans.  
**Uppáhaldsdansbímynd:** Þýska dansmyndin Anna.  
**Lagið sem fær mig alltaf til að dilla mér:** I Wanna Dance With Somebody með Whitney Houston.  
**Markmið í keppinni:** Gera okkar allra besta og vekja áhuga fólks á dansi.



## Emilía og Unnur

## INGIBJÖRG ANTONSDÓTTIR

**Aldur:** 22 ára.  
**Staða:** Starfsmaður hjá Nova í Smáralind.  
**Reynsla af dansi:** Var í Gerplu í átta ára, hef dansað í mörgum menntaskólasýningum og verið í eitt ár í Listdanskólanum.  
**Dansstíll:** Nútímalistdans.  
**Uppáhaldsdansbímynd:** Fame.  
**Lagið sem fær mig alltaf til að dilla mér:** Blame it on the Boogie með Jackson 5.  
**Markmið í keppinni:** Njóta þess að vera á sviðinu og dansa með hjartanu.



## Ingibjörg

## KRISTÓFER ARON G. THORARENSEN

**Aldur:** 17 ára.  
**Staða:** Nemi við Fjölbrautaskólann í Breiðholti.  
**Reynsla af dansi:** Bünn að æfa dans í níu ár. Byrjaði í samkvæmisdans sjö ára og er nýhættur í því og hef æft breikdans í sirka ár.  
**Dansstíll:** Breikdans.  
**Uppáhaldsdansbímynd:** You've Got Served.  
**Lagið sem fær mig alltaf til að dilla mér:** Sexy and I Know It með LMFAO.  
**Markmið í keppinni:** Að komast eins langt og við getum og hafa gaman af þessu.



## Area of Stylez

## SANDRA ERLINGSDÓTTIR

**Aldur:** 32 ára.  
**Staða:** Danskennari og gullsmiður.  
**Reynsla af dansi:** Hef æft dans frá fimm ára aldri en hef æft afrískan dans og hiphop í sautján ár í New York og Gíneu, V-Afríku.  
**Dansstíll:** Afrískur dans.  
**Uppáhaldsdansbímynd:** Breakin' frá 1984.  
**Lagið sem fær mig alltaf til að dilla mér:** Live trommur frá trommaranum mínum.  
**Markmið í keppinni:** Að vinna.



## Afrika Iole




VILTU  
VINNA  
eintak?

# ÍSLAND-OPOLY

Sendu SMSið **EST OPOLY**  
á númerið **1900** og þú gætir  
unnið eintak!

Fullt af aukavinningum: DVD myndir, tölvuleikir og fleira!

## BORÐSPIL UM SKEMMTILEGASTA LAND Í HEIMI!



Þú getur keypt þekktu staði eða  
kennileiti um land allt, aukið leigugjöld  
með því að kaupa hús og skipt þeim  
upp í hótél. Hljómar auðvelt?  
Þetta reddast, Umferðateppa, radar-  
myndavélar og lögreglan geta gert  
okkur erfitt fyrir, en það er þeim mun  
skemmtilegra!

SPILAÐ ER FYRIR 2-6  
LEIKMENN, 8 ÁRA OG ELÐRI

  
sena

VINNINGAR AFHENTIR Í ELKO LINDUM. 199 KR/SKEYTIÐ. MEÐ ÞVÍ AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB.

## Ljósmyndaði tálausan heimilisleysingja

Opee

Rétt nafn: Ólafur Páll Torfason.

Fyrstu sex: 090284.

**Margir muna eftir þér sem níttján ára gutta með Quarashi í laginu Mess It Up. Tekur þú það lag ennþá á tónleikum? Færð þú ennþá viðbrögð við þessu lagi?**

Einu skiptin sem ég hef tekið þetta á tónleikum síðan það var gefið út var núna í sumar með Quarashi, átta árum seinna. Bláamenn virðast allavega hafa gaman af því að spyrja mig út í þetta (hlær). Þetta var skemmtilegt og gaman að vinna með strákunum og skemmtilegt hvað þetta virðist lífa lengi. Ef þetta lag gleður ennþá fólk þá er það bara kúl.

**Ert þú svona öflugur í því að rappa á ensku af því að þú ert búinn að horfa svona mikið á bíómyndir á ensku?**

Ég held að það hafi frekar bara komið frá því að hlusta á mikið af ensku rappi. Mér finnst enska góð að því leyti að þú getur talað um hlut í stærra samhengi, maður getur ímyndað sér að maður sé að tala við fleira fólk. Þannig hef ég líka náð að tengjast einhverjum nokkrum úti í heimi, það er gaman þegar maður getur talað við fólk í öðrum menningarheimum.

**Mér skilst að núna sért þú að rappa ljóð eftir Davíð Stefánsson frá Fagraskógi. Hvað kemur til?**

Ég man eftir því þegar ég heyrði af Davíð Stefánssyni fyrst á ferðalagi með mömmu og pabba. Ég á ennþá minningu frá ákveðnu augnabliki á björtum degi. Svo tók ég einu sinni upp eitt lag með texta frá honum fyrir svolitlu síðan en það var ekki gefið út eða neitt slíkt. Fyrir stuttu ákváðum við Fonetik Simbol að gera EP-plötu saman og það þróaðist út í að ég fór að grúska aftur í ljóðunum hans Davíðs og síðan þá er ég kominn með einhver tólf lög. Ég gef einmitt út eitt af þeim bráðlega og ætla örugglega að spila eitthvað af þessu á Faktory á föstudaginn.

**Samhliða rappi ert þú líka að vinna í ljósmyndun sem má sjá á heimasíðunni þinni. Hvernig byrjaði það?**

Já, mér finnst gaman að vinna með hljóðlaust listform líka. Þetta byrjaði þegar ég var í New York, þá gekk ég um götum- ar og tók myndir af fólki og húsum. Mér þykir einstaklega vænt um tvær myndir sem ég tók af heimilislásum mönnum. Annar þeirra stoppaði mig út á götu og bað mig í raun um að taka mynd af sér og reyna að birta hana einhvers staðar. Draumurinn er að geta stækkað myndina svo mikið að hún verði ein á einhverjum sér vegg. Hinn hafði spilað á píanó með Kool & the Gang. Ég gúglaði hann og New York Times hafði alveg skrifað um þennan gaur og svona. Þegar ég tók myndina af honum sagði hann að þetta væri í fyrsta sinn sem einhver tæki mynd af honum í fimmtán ár. Nú er hann víst kominn á þokkalega beina braut á ný og spilar á píanó í kirkjum þótt það vanti á hann tær.

## Ást við fyrstu sýn

Emmsjé Gauti

Rétt nafn: Gauti Þeyr Mátsson.

Fyrstu sex: 171189.

**Hvað var það sem leiddi þig út í rappið?**

Ætli þetta hafi ekki bara verið ást við fyrstu sýn? Í fyrsta sinn sem ég fór að heyra rapp af einhverju ráði vissi ég að þetta væri eitthvað sem mig langaði að gera og taka þátt í. Pabbi minn átti stúdíó þegar ég var yngri og ég hékk oft þar. Það voru nokkrir rapparar sem tóku upp í stúdíóinu og mér fannst þeir alltaf svo sjúklega svalir.

**Þú hefur gefið út helling af tónlistarmyndböndum að undanförmu. Styttist í að þú farir að framleiða og leika í bíómyndum?**

Hver veit hvað framtíðin ber í skauti sér. Ef það eru einhverjir leikstjórar sem eru að lesa þetta viðtal þá vil ég fá hlutverk á stóra tjaldinu. Annars finnst mér í fyrsta lagi bara svo rosalega gaman að leika í tónlistarmyndböndum og það vekur líka meiri athygli á tónlistinni að hafa eitthvað fyrir augað með.

**Á plötunni þinni eru lög þar sem þú ert með töluvert grimmar yfirlýsingar en sömuleiðis væmnari lög eins og Okkar leið. Er mikilvægt að geta sýnt á sér ýmsar hliðar í rappinu?**

Ég held að það að vera „artisti“ snúist um að geta tjáð sig í hvaða ástandi sem þú ert í. Rapparar gráta alveg líka. Sagan í Okkar leið fjallar til dæmis bara um eitthvað sem ég gekk í gegnum og er sönn saga.

**Eitt laganna þinna heitir Fyrirmynd. Upplifir þú þig sem fyrirmynd yngri krakka?**

Ég hugsa að það séu allir einhvers konar fyrirmyndir þótt menn séu kannski misgóðar fyrirmyndir.

**Hvað sérð þú fram á að þú verðir lengi í rapptónlist?**

Það er erfitt að segja. Ég veit svo sem ekki hvort ég verði alltaf í rapptónlist en ég vona að ég verði að stússast eitthvað í tónlist alveg fram á síðasta dag sem ég lifi. Ég hef aðeins verið að færa mig meira út í söng, mér finnst gaman að blanda honum saman við rappið. Ég mun halda áfram að gera það á næstu plötu sem ég ætla að reyna að gefa út á næsta ári. Svo er ég líka að gefa út „mixteip“ sem heitir í freyðibaði með Emmsjé Gauta en ég ætla einmitt að flytja eitthvað af því efni á Svínaríinu á föstudaginn.

## Hljómsveitin alltaf í forgangi

IMMO

Rétt nafn: Ívar Schram.

Fyrstu sex: 090585.

**Hvað leiddi þig út í rapptónlist?**

Þetta var sú bylgja sem var í gangi þegar ég var táníngur, ég fékk Jurassic 5 í jólagjöf frá systur minni og þá varð maður áhugamaður um hipphopp. Ég gerði mér hins vegar aldrei grein fyrir því að maður gæti gert eitthvað í rappi sjálfur þangað til að ég heyrði einmitt Opee rappa, gaman að segja frá því.

**Hingað til hefur þú rappað með hljómsveitinni Original Melody. Það að þú sért byrjaður með sólóferil, þýðir það að hljómsveitin sé hætt?**

Nei, hljómsveitin er alltaf í forgangi hjá mér en eins og staðan er í dag þá búa tveir hljómsveitarmeðlimir erlendis. Með því að vinna sólóverkefni er ég í raun að gera mig að betri hljómsveitarmeðlim. Þetta er eflaust eins og með knattspyrnumenn, þeir æfa sig með sínu liði og æfa sig líka einir með sjálfum sér, liði sínu í hag.

**Lagið þitt, Barcelona, vakti mikla athygli á dögunum. Hefur þitt daglega líf breyst eitthvað eftir að lagið kom út?**

Það er auðvelt að svara bara „nei, það er allt eins“ upp á að hljóma ekki sjálfumglaður en auðvitað var þetta í öllum fjölmiðlum og lagið vakti athygli svo það hafði óneitanlega áhrif á það sem ég er að gera þótt ég yrði ekki upptekinn af því. Þetta er líka fyrsta lagið mitt sem nær svona aðeins lengra, hingað til hafa lögin svona aðallega fengið viðbrögð frá jafnöldrum eða

fólki innan rappsenunnar. Lagið Barcelona virtist hins vegar höfða til breiðari hóps, ég var á árshátíð í vinnunni minni og þar voru meira að segja eldri konur sem komu allt í einu upp að mér til að segja hvað þeim þætti lagið flott og að laglínan væri alveg stórkostleg sem er skemmtilegt (hlær).

**Ert þú svona öflugur í því að rappa á ensku af því að þú ert búinn að horfa svona mikið á bíómyndir á ensku?**

Ég hef aldrei búið í enskumælandi landi en auðvitað hefur maður hlustað á endalaust af rappi á enskri tungu og horft á mikið af bíómyndum. Æfingin skapar meistarann.

**Hver eru helstu umfjöllunaratriði textanna þinna?**

Allir hafa sína sögu að segja og á sólóplötunni minni er ég að segja mína sögu. Eins og fólk hefur kynnst, til dæmis í gegnum lagið Barcelona, þá tala ég um persónulega hluti í textunum sem ég tala kannski annars ekkert um við hvern sem er. Hins vegar er Peter Pan, lagið sem ég er að gefa út núna með þeim Unnsteini Manuel, Fonetik Simbol og Opee, ekkert persónulegt heldur er það bara á léttu nóttunum, það fjallar um það að vera ávallt ungur. Þetta eru samt þælingar sem hafa legið á milli þvi ég er á þeim aldri að ég er á milli þess að vera fullorðinn og unglungur, ég er á þessari brú milli þess.

# Rapparar gráta líka

Á föstudaginn fer fram rappveisla á Svínaríi Faktórý og Monitor. Þar kom fram rappsleggjurnar Emmsjé Gauti, IMMO og Opee.



## SVÍNARÍ #8

Sjáðu Emmsjé Gauta, IMMO og Opee á Faktórý á föstudaginn kl. 23.



### ELÍSA SCHRAM

Í hvaða skóla ert þú?  
Menntaskólanum í Reykjavík.  
Á hvaða ári? Ég er á 2. ári.  
Hvar verslar þú helst fötin þín?  
Oftast í Top Shop, H&M, Zara og svo finnst mér Warehouse flott.

SKÓR: GS SKÓR  
BUXUR: GAP  
PEYSAN: H&M  
TREFILL: VERA MODA

### KRISTÍN STEINUNN HELGA ÞÓRARINSDÓTTIR

Í hvaða skóla ert þú? Menntaskólanum í Reykjavík.  
Á hvaða ári? Ég er á 2. ári.  
Hvar verslar þú helst fötin þín?  
Það er mismunandi en aðallega Top Shop, Urban Outfitters, Spútnik og H&M.



SKÓR: GALLERÍ 17  
BUXUR: H&M  
BOLUR: ZARA  
PEYSA: MAX

### KJARTAN ORRI ÞORSSON

Í hvaða skóla ert þú?  
Menntaskólanum í Reykjavík.  
Á hvaða ári? Ég er á 3. ári.  
Hvar verslar þú helst fötin þín?  
Ég veit það ekki alveg, bara hér og þar.



BUXUR: EINHVERRI BÚÐ Í TALLIN, EISTLANDI.  
PEYSA: MAMMA KEYPTI HANA Í BRETLANDI.  
BOLUR: KEYPTUR Á BOB DYLAN-TÓNLEIKUM.  
SKÓR: KOLAPORTIÐ.

### JÓHANNA PREETHI GUNNARS-DÓTTIR

Í hvaða skóla ert þú?  
Menntaskólanum í Reykjavík.  
Á hvaða ári? Ég er á 2. ári.  
Hvar verslar þú helst fötin þín?  
Aðallega Urban Outfitters og Top Shop.



VESTI: VINTAGE-BÚÐ Í AMSTERDAM  
BOLUR: URBAN OUTFITTERS  
STUTTBOXUR: LEVI'S  
SOKKABUXUR: H&M  
SKÓR: ZARA  
HÁLSMEN: TOP SHOP

# Tíska ungra fólksins

Stíllinn kíkti í nokkra menntaskóla á dögum og kannaði hvernig tískan hjá unga fólkinu væri í dag. Búðir eins og **H&M**, **Topshop** og **Urban Outfitters** stóðu klárlega upp úr sem uppáhaldsbúðir en þó kaupa margir einnig notuð föt. Stíllinn spjallaði við nokkra flotta nemendur.



### MARÍA ÞÓRISDÓTTIR

Í hvaða skóla ert þú?  
Verzlunarskóla Íslands.  
Á hvaða ári? Ég er á 4. ári.  
Hvar verslar þú helst fötin þín?  
Uppáhaldsbúðirnar mínar að versla í eru Topshop, H&M, Monki og American Apparel.

BUXUR: H&M  
JAKKI: H&M  
SKYRTA: URBAN  
SKÓR: NOLAND

### JÖRUNDUR JÖRUNDSSON

Í hvaða skóla ert þú?  
Verzlunarskóla Íslands.  
Á hvaða ári? Ég er á 4. ári  
Hvar verslar þú helst fötin þín?  
Á enga uppáhaldsbúð en ég kíkí örugglega oftast í Urban, Noland og KronKron (Cheap Monday). Kaupi samt alltaf slatta í útlöndum og þar held ég að H&M og Weekday sé vinsælast hjá mér.



SKYRTA: MONKI  
STUTTBOXUR: FOREVER 21  
BLÚNDUHJÓLABUXUR: AMERICAN APPAREL  
SOKKABUXUR: OROBLU  
SKÓR: SECOND HAND BÚÐ Í PARÍS



BOLUR: H&M  
BUXUR: URBAN OUTFITTERS  
ÚLPA: URBAN OUTFITTERS  
SKÓR: FOOTLOCKER

### JENNÝ HARÐARDÓTTIR

Í hvaða skóla ert þú?  
Verzlunarskóla Íslands.  
Á hvaða ári? Ég er á 4. ári.  
Hvar verslar þú helst fötin þín?  
Ég versla mest í útlöndum og þá aðallega í HM, Monki, Weekday og Urban Outfitters. Á Íslandi kaupi ég mest í Rokki og Rósum og Nostalgiu, en skóbúðir eru í uppáhaldi.

BUXUR: H&M  
PEYSA: H&M  
TREFILL: H&M  
SKÓR: VAGABOND Í FINNLANDI

### LÚÐVÍK MÁR LÚÐVÍKSSON

Í hvaða skóla ert þú?  
Verzlunarskóla Íslands.  
Á hvaða ári? Ég er á 4. ári.  
Hvar verslar þú helst fötin þín?  
Versla helst í útlöndum en annars í Gallerí 17 hér heima hugsa ég.





# Steldu stílnum

Að þessu sinni fór **Stíllinn** og fann myndir af þrusugellunum **Sienna Miller** og **Kate Bosworth**. Dressaðu þig upp eins og skvís-umar, annars vegar hversdags og hins vegar í fínna kvölddress.



## HVERSDAGSDRESS

**Peysa: Gallerí 17, 12.990 kr.**

Til að vera nú ekki alveg nákvæmlega eins og stjarnan fann Stíllinn gula peysu, enda kúl litur fyrir þá sem púlla hann!

**Buxur: Top Shop, 12.990 kr.**

Flottar plein gallabuxur við hlýja peysu, klikkar ekki.

**Skór: GS Skór, 14.990 kr.**

Flottir reimaðir hversdagsskór sem passa við nánast allt.

**Taska: Gallerí 17, 7.990 kr.**

Taskan brýtur þetta skemmtilega upp og gerir mikið fyrir heildarlúkkið.

**Varalitur: MAC Please Me, 3.990 kr.**

Flottur hversdags og látlaus varalitur.



## KVÖLDDRESS

**Jakki: Top Shop, 19.990 kr.**

Plein jakki við flott dress klikkar ekki.

**Bolur: Spútnik, 3.900 kr.**

Blúndubolímír eru heitir núna í haust og koma þeir vel út við háar stuttbuxur eða pils.

**Stuttbuxur: Gallerí 17, 5.990 kr.**

Háar stuttbuxur eru málið, bæði sem hversdagsflík og fínna flík.

**Skór: GS Skór, 25.990 kr.**

Flott háhæla leðurstígvél eru möst fyrir hvern kvenmann. Passa við allt og fullkomna fínna lúkkið.

**Taska: Gallerí 17, 27.990 kr.**

Geggiuð taska sem setur punktinn yfir i-ð í kvölddressinu.

**Varalitur: MAC Lady Danger, 3.990 kr.**

Meiriháttar flottur eldrauður varalitur.



## Stjörnustríð

### Tyra Banks vs. Kim Kardashian

Þessar sjóðheitu dömur tóku sig vel út í ferskjulituðum Rachel Roy-kjól. Þær voru báðar í baige-lituðum skóm við kjólinn sem kemur mjög vel út og geisla þær báðar af fegurð. Jafntefli!

### Audrina Patridge vs. Kristin Chenoweth

Stjörnumar tvær klæddust þessum eitursvala Rachel Gilbert-mínikjól á dögnum. Það er hins vegar raunveruleikabáttaskvísan sem ber sigur úr býtum fyrir flott litaval á kjólnum.

### Nicole Richie vs. Ellen Pompeo

Gray's Anatomy-stjarnan er sæt í þessum geggaða Winter Kate-kjól. Hún nær hins vegar ekki að toppa tiskudívuna sem er meiriháttar flott í kjólnum, með dökkt slegið hár við og í flottum platform-hælum.

### Kourtney Kardashian vs. Amber Lancaster

Sykursætu skvísurnar klæddust þessum Ted Baker-kjól á dögnum í Hollywood. Ljósá liðaða hárið og sæta rauða taskan poppa upp lúkkið hjá leikkonunni sem gefur henni vinningsætið.



**Gott bragð fyrir heilbrigðar tennur...**




Tannlæknafélag Íslands mælir  
með notkun xylitols sem  
aðalsætuefnis í tyggigúmmíi

Rannsóknir sýna að notkun sykurlausss **Extra** eykur munnvatnsframleiðslu, jafnar sýrustig, heldur tönnum hreinum og stöðvar sýklaárásir á þær. **Extra** minnkar upptöku hitaeininga og dregur það úr streitu í amstri hversdagsins.

# Sagan mín er öskubuskuævintýri

**Logi Geirsson** er alltaf með helling af járnnum í eldinum. Hann er einn af þeim sem setur sér markmið og vinnur markvisst að þeim eftir ákveðinni formúlu. Þessa aðferð kennir hann einnig fólki út um land allt með fyrirlestrum en nýjasta markmið hans er að búa til partílag undir leiðsögn Einars Bárðar.





Vjótalið



heim. Ég lenti í alls konar stríðum við félagið mitt og svo var ég með lögfræðinga í fasteignaveseni. Það eru gildir úti um allt í þessu, þegar þú átt mikinn pening þá koma margir til þín og reyna að hafa af þér pening og selja þér hugmyndir.

#### Hvernig komst þú frá þessum gildrum?

Ekkert rosalega vel en ég lenti heldur ekkert í neinu til að væla yfir. Ég kom heim með allar medalíurnar og nokkrar krónur í töskunni en ekkert mikið meira en það. Kannski það sem mér er dýrmætast er unnusta mín sem ég kynntist á þessum tíma.

#### Eins og þú segir ert þú mikið í því að halda fyrirlestra. Er það þér hjartans mál að fræða aðra og vera fyrirmynd?

Fyrirlesturinn var saminn upp á móti bókinni, hann er um hvað maður þarf að gera til að komast langt í leik og starfi. Ég vil ekkert vera að monta mig neitt en þetta er klárlega vinsælasti fyrirlestur á Íslandi í dag. Ég hef flutt hann í háskólum, framhaldsskólum, grunnskólum, fyrirtækjum, íþróttafélögum og félagsmiðstöðvum, ég hef farið út um allt land með hann. Þetta er mikill leiðarvísir, hvetjandi og veitir mikinn innblástur. Hann heitir „Það fæðist enginn atvinnumaður“ en fjallar í raun bara um leiðina að árangri. Ég er að kenna ákveðna formúlu sem þarf að vera í lagi til að ná árangri, og það er ekki bara tengt íþróttum heldur bara í lífinu almennt. Maður er búinn að vera fyrirmynd í mörg ár, hef lent í mörgu og hef ástríðu fyrir að kenna fólki, ekki síður fullorðnum. Þegar manni líður sjálfum vel þá er um að gera að hjálpa öðrum, það er lógískt.

#### Nú ert þú á góðri leið með að geta farið að kalla þig poppstjörnu. Hefur poppstjörnudraumurinn blundað lengi í þér?

Ég hef alltaf haft gaman af tónlist og er algjör dellukarl. Til dæmis keypti ég mér einu sinni hátt í tíu gítara án þess að kunna stakt grip. Svo er ég úrasafnari og á orðið svakalegt safn og get ekki hætt. Ég fer alltaf „all-in“ í allt, þetta heitir að vera extrímisti. Allt sem ég geri og ætla mér að gera vel geri ég af heilum hug. Ég ætla ekkert að fara að sigra heiminn með þessu poppi en það sem mig langaði mest að gera var að skoða, eins og ég er að kenna krökkunum að gera. Mig langar bara að sjá hvar mitt svið liggur og spyrja sjálfan mig, hvað get ég? Ég er ekki alveg farinn í hausnum varðandi það að halda að ég sé góður tónlistarmaður eða einhver „poppstjarna“ en þökk sé Stop Wait Go og „auto-tune“, þá þarf maður ekki að vera Celine Dion til að búa til gott lag. Þetta snýst um að hafa gaman af því sem maður gerir.

#### Er þetta tónlistarverkefni komið til að vera?

Já, ég held það. Þessi hugmynd að netsjónvarpsþættinum Karlaklefinn: Round 2 kom í raun bara upp úr því að mig langaði að fá greiðann til baka frá Einari Bárðar, eftir að ég hafði hjálpað honum að byrja að hreyfa sig af krafti. Hann er rosalega vel tengdur inn í tónlistarheiminn, hann er náttúrulega umboðsmaður Íslands, svo hann hlaut að geta hjálpað karlinum í að búa til einn góðan slagara, sem hann gerði því þetta er geggjáð lag.

#### Hvert stefnir þú með þetta lag, Komdu með?

Ég er ekki alveg klár á því hvert þetta stefnir en ég held að þetta verði algjör partíslagari, að öllu grími slepptu. Annars hef ég ekki sett mér nein markmið hvað tónlistina varðar annað en að hafa gaman af þessu. Ég var bara með eitt markmið, að fá hjálp við að gefa út eitt gott lag og svo ætla ég bara að sjá hvernig það endar og hvert það leiðir mig. Ég er allavega búinn að opna þessar dyr.

Til dæmis keypti ég mér einu sinni hátt í tíu gítara án þess að kunna stakt grip. Svo er ég úrasafnari og á orðið svakalegt safn og get ekki hætt. Ég fer alltaf „all-in“ í allt.

## ÞETTA EÐA HITT

**FH eða Lemgo?** FH.

**Lyftingasalurinn eða handboltavöllurinn?** Bæði, ég hef mikla ástríðu fyrir báðum hlutumum.

**Hárgreiðslan eða fötin?** Hárgreiðslan, ég þarf engin föt til að vera flottur.

**Hvort myndir þú frekar vilja komast til Barcelona og verða Evrópumeistari eða halda tónleika fyrir framan troðfullan Wembley?** Halda tónleika á Wembley, klárlega. Ég er eiginlega búinn með hitt.






Seagull

# GÍTARAR

frábært úrval



## TÓNASTÖÐIN

Allt fyrir tónlistarmanninn



## HVAÐ ER TÍTT?

**Nafn:** Steinþór Hróar Steinþórsson, Steindi Jr.  
**Á forsíðu:** 29. apríl 2010.  
**Fyrirsögn viðtals:** Grín verður að vera dramatískt.

Ég er fitlandi finn, og vonandi þið líka. Í dag kom önnur þáttaröðin af Steindanum okkar í verslanir og er ég sennilega einhverstaðar að fagna útgáfunni með smá áfengi í blóðinu akkúrat núna. Við erum að skrifa seríu þrjú, sem verður svo sýnd á Stöð 2 á næsta ári og ég var að byrja að læra leiktækni hjá Þorsteini Bachmann og Magnúsi Jónssyni sem mun pottþétt koma að gagni þegar við förum aftur í tökur. Ég er að borða mikið af snakki þessa dagana og hendi gjarnan í "eðluna" heima á kvöldin (salsa, rjómi & pizzaostur og svo inn í ofn í 10 mínútur). Ég er orðinn 88 kg og hef aldrei verið jafn þungur. Annars hef ég lítið breyst síðan ég var á forsíðu Monitor. Ég horfi ennþá reglulega á Billy Madison, á ennþá sömu kærustuna, spila Ps3 eins mikið og ég get og hnoða snjóbolta og hendi í eitthvað ef það er góður skíðasnjór.



## LOL-MAIL MONITOR

frá Jón Ragnar Jónsson  
 til Petur S. Jonsson  
 dagsetning 28. nóvember 2011 14:06  
 titill LOL-mail Monitor

Heill og sæll Pétur

Nú er að sjá hvort þú sért myndinn í augum annarra en vina þinna!

Svo máttu gjarnan skora á einhvern myndinn einstakling.

Gangi þér vel og takk.

Bestu kveðjur,  
 Jón Ragnar

Verð að standast hádegisdeadin-eið, ég er svo samviskusamur. En ég hata brandara og finnst þeir ekki myndir. En teymið mitt er búíð að sitja lengi yfir þessu, og það er búíð að komast að þeirri niðurstöðu að í dag fáir þú norðabrandara, af því að ég er nörd:


'Hey, við leyfum ekki fiseindir sem ferðast hraðar en ljósið hér!', sagði barþjónninn, illur á svip. Tvær fiseindir gengu inn á bar.

Ég skora á Stefán Hrafn Hagalín, forstöðumann samskiptasviðs hjá Skýrr.

Blessi þig, Pedro

## Er Dikta að bíða eftir jólinum?

Lag þeirra Diktumanna stekkur upp um fjögur sæti þessa vikuna og hrindir þar með lagi Of Monsters and Men af toppnum eftir ágætisdvöl þar. Jón Þór Sigurðsson, trommari Diktu, var að vonum sáttur með toppsætið og ekki síður með útgáfutónleika hljómsveitarinnar fyrir viku. „Það var hús-fyllir á Nasa og maður kvartar ekki yfir því. Við renndum plötunni í gegn svona næstum því eins og kemur af kúnni og að lokum tókum við eitt lag af hverri plötu sem við höfum gefið út. Fyrir vikið tókum til dæmis Andartak af samnefndri fyrstu plötunni okkar og við höfum ekki spilað það í helvíti mörg ár þannig að það var gaman að hitta gamlan kunningja,“ segir hann en þegar blaðamaður hitti á hann var hann í miðri smíðavinnu. Af þeim sökum var viðeigandi að spyrja hann hvort trommarar negli með hamri í flottum tókum? „Mestöll smíðavinnan mín fer fram í 7/8 en það kemur fyrir að maður detti í aðra takta eins og 5/4 en þó er það ekki jafnalgengt,“ svarar hann örugglega en að sama skapi var nauðsynlegt að snúa spurningu lagsins gegn Diktumanni og spyrja Jón Þór eftir hverju hann sé að bíða. „Etlí ég sé ekki bara að bíða eftir jólinum?“ segir hann á léttum nótum.



Á TOPPNUM



## LAGALISTINN

Vikan 1. - 7. desember 2011

- 1 Dikta What Are You Waiting For?
  - 2 Of Monsters And Men King and Lionheart
  - 3 Gotye / Kimbra Somebody I Used To Know
  - 4 Mugison Kletturinn
  - 5 Hjálmar Ég teikna stjörnu
  - 6 Coldplay Paradise
  - 7 Helgi Björnsson / Eivör Pálsdóttir Án þín
  - 8 Stefán Hilmars / Eyjólfrur Kristjáns. Þín innsta þrá
  - 9 Rihanna / Calvin Harris We Found Love
  - 10 Amy Winehouse Our Day Will Come
- Bruno Mars It Will Rain  Adam Levine / Christina Aguilera Moves Like Jagger  
 Foster The People Pumped Up Kicks  
 Lay Low Brostinn strengur  Britney Spears Criminal  Páll Óskar & Sinfó Partisyrpan  Adele Rumour Has It  
 Ed Sheeran The A Team  Katy Perry The One That Got Away  Vicky Lullaby  
 Lady Gaga You And I  Lana Del Ray Video Games  Bubbi Morthens Verið djörf alla leið  Florence & The Machine Shake It Out  One Direction Makes You Beautiful  Grafík Bláir fuglar  LMFAO Sexy And You Know It  The Pierces Kissing You Goodbye  HAM Svíksemi  Flo Rida Good Feeling

\*Lagalistinn er unninn af Félagi hljómplötuframléiðenda og inniheldur samantekt síðastliðinnar viku á mest spiluðu lögum á eftirtöldum útvarpsstöðvum: Bylgjan, FM95.7, Xíð 97.7, Rás 2 og Kaninn. Auk þess er tekið mið af sölu á Tónlist.is.



## TÓNLISTINN

Vikan 1. - 7. desember 2011

- 1 Páll Óskar & Sinfó Páll Óskar & Sinfó
  - 2 Mugison Haglé!
  - 3 Sigurður Guðmunds og Sigríður Thorlacius Ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands
  - 4 Helgi Björnsson Íslenskar dægurperlu í Hörpu
  - 5 Of Monsters And Men My Head Is An Animal
  - 6 Stebbi og Eyfi Fleiri notalegar ábreiður
  - 7 KK & Ellen Jólin
  - 8 Dikta Trust Me
  - 9 Ingimar Eydal Allt fyrir alla
  - 10 Hjálmar Órar
- Lay Low Brostinn strengur  Ýmsir Pottþétt 56  Papar og gestir Jameson  Baggalútur Áfram Ísland  Justin Bieber Under The Mistletoe  Jón Múli Árnason Söngdansar og ópusar  Quarashi Anthology  HAM Svík, harmur og dauði  Jón Jónsson Wait For Fate  Ingó Ingó  Friðrik Ómar & Jógvan Hansen Barnalög  Björk Biophilia  Kristjana Stefánsdóttir & Svavar Knútur Glæður  Helgi Björnsson & reidmenn vindanna Ég vil fara uppí sveit  Adele 21  Sigur Rós Inni  Árstiðir Svefn og vöku skil  GRM Þrjár stjörnur  Megas og strengir Aðför að lögum  Karlaókr Reykjavíkur Á aðventu

\*Tónlistinn er unninn af Félagi hljómplötuframléiðenda og inniheldur slótuúr síðastliðinnar viku í verslunum Skífunnar, Hagkaupa, Pennans / Eymundssonar, 12 Tóna, Hörpu, Elkó, Smekkleysu plötubúð og á Tónlist.is.



## ELTI HRELL IRINN



**Andrea Röfn**  
 @AndreaRofn Reykjavík Ísland  
 Andrea Röfn - 29 ára KR-ingur og Verzlundur

**AndreaRofn** Andrea Röfn elska þennan snjó #jóla jóla #samtsmaerfittaðkeyra 25. nóvember kl. 10:13

**AndreaRofn** Andrea Röfn Kökudagur og Love Actually í 6-A! #litlujól #bestibekkurheimi 25. nóvember kl. 11:20

**AndreaRofn** Andrea Röfn löggan stoppaði mig í random tjekk, alltaf jafn gaman að blása! #edrútypan 26. nóvember kl. 00:37

**AndreaRofn** Andrea Röfn það er svo gott að vakna og komast að því að jólin verða góð með NBA #thankgod 26. nóvember kl. 13:09

**AndreaRofn** Andrea Röfn Djófull er gaman að fara í Kost #mikiðnammi #mikiðsnakk #trix #veislaásólvallagötu 27. nóvember kl. 14:49

**AndreaRofn** Andrea Röfn ELF besta jólamynd í heiminum í gangi í þjóðhagfræðitíma #willferrel #forthatsspecialsomeone #SANTAiknowhim 28. nóvember kl. 9:23

**hallaberglind** Halla Berglind @AndreaRofn jólin koma ekki fyrr en maður er búinn að horfa á hana 28. nóvember kl. 9:30

**skulijon** Skúli Jón Friðgeirsson @AndreaRofn hvenær ætlið þið í þessum bekk þínum að gera eitthvað annað en að horfa á bíómyndir? #verzló 28. nóvember kl. 11:23

**AndreaRofn** Andrea Röfn @skulijon haha við gerum margt annað, ég bara nenni alls ekki að tveeta þegar ég er að læra um islam og verðtryggð lán #ELFer-skemmtilegri 28. nóvember kl. 11:33



**AndreaRofn** Andrea Röfn Komdu snjó instagr.am/p/WYZ2U/ 28. nóvember kl. 22:04

**AndreaRofn** Andrea Röfn lærdómspá verður eytt á #sporcle ... semsagt ekkert rosalega mikil pásá #samtgaman #elskaspurcle #Asía 29. nóvember kl. 14:25



## Kreppa?

Föstudagurinn eftir þakkargjörðarhátíðina í Bandaríkjunum er stærsti verslunardagur ársins þar ytra og er hann nefndur Svarti föstudagur eða Black Friday. Margir Íslendingar gera sér oft ferð vestur yfir Atlantshafið til að taka þátt í búðarþinu enda tilboðin oft ansi freistandi. Þetta árið opnuðu búðir fyrir en nokkru sinni og tilboðin voru oft og tíðum ótrúleg. Niðurstaðan er því nýtt met í Svarta föstudags-sölu því að frá fimmtudegi til sunnudags tókst bandarískum verslunum að hala inn 52,4 milljörðum Bandaríkjadollara eða um 6.300 milljörðum íslenskra króna. Um er að ræða 16 prósentu aukningu frá síðasta ári. Enn fremur var sett met í fjölda neytenda því að 226 milljónir

sáu sér fært um að versla þessa stóru helgi í búðum og á Internetinu. Meðaleyðsla hvers og eins var því um 400 dollarar eða um 48.000 krónur. Um fjórðungur neytendanna mætti á miðnætti í búðirnar á Svarta föstudeginum, líklega enn að melta kalkúninn. Mikil aukning er í sölu varnings á Internetinu því að salan á þakkargjörðardeginum fór upp um 39,3% á milli ára og salan á Svarta föstudegi fór upp um 24,3%. Verslun í gegnum farsíma jókst um heil 516%. Þess má til gamans geta að flestir þeirra sem versluðu í gegnum Internetið gerðu það í gegnum iPad. Þessi stutta frétt kann að innihalda margar tölur en hún sýnir okkur hvað heimurinn er stór og sibreytilegur.



# Svifbretti aðaljólagjöfin árið 2015?

**T**íminn flýgur hratt á gervihnattaöld og með hverri sekúndunni sem líður umbreytist heimurinn sem við byggjum. Árið styttist, fólk eldist, yfirborð sjávar hækkar og tækninni fleygir fram eins og enginn sé morgundagurinn. Svo ört þróast tæknin á öllum mögulegum sviðum að segja mætti að tækni dagsins í dag verði úrelt ekki seinna en á morgun.

**É**g hef oft látið hugann reika að því hvernig það var að upplifa tækniframfarir fortíðarinnar, til dæmis byltinguna sem átti sér stað þegar litasjónvarp leit dagsins ljós. Eins hef ég hugsað um fyrstu kynni foreldra minna af tölvum. Munurinn á fyrstu tölvunni sem þau prófuðu og þeirri sem ég nota í dag er eins og munurinn á hestvagni og sportbíl. Á meðan ég get lagst upp í rúm með litla og fallega hannaða fartölvu sem vegur sama og ekkert hlömmuðu þau sér við luralegan málmkassahlunk. Tölvuna þeirra skorti tölvumús og litaskjá og það var ekki einu sinni hægt að horfa á bíómynd í henni, hvað þá fara á Internetið.

**Í** dag lítur maður til baka og nánast hlær yfir tækni síðustu áratuga. Manni finnst súrrealískt að foreldrar manns hafi skipulagt bíóferð með vinunum án þess að senda þeim SMS eða skilaboð á Facebook. Manni finnst myndi að tónlistarmenn hafi eitt sinn gefið út tónlist í tonnavís á kasettum og það er varla að maður geti ímyndað sér líf þar sem ekki er hægt að skera úr um vafaatriði með því að fletta því upp á alnetinu.

**H**vernig var þegar fólkíð sem sat við „steinaldartölvurnar“ horfði fram á veginn? Hefði það nokkurn tímann getað ímyndað sér að upp úr árinu 2000 yrði til hljómflytningstæki sem er á stærð við frímerki og getur spilað ríflega þúsund lög? Hefði það einu sinni getað ímyndað sér tilvist Veraldarvefsins og að það yrði órjúfanlegur þáttur í vestrænu samfélagi á 21. öldinni? Maður leyfir sér að efast um það.

**A**ð sama skapi er gaman að reyna að segja til um hvað tækniflora komandi áratuga á eftir að bjóða upp á og velta fyrir sér hvað á eftir að þykja sjálfsgöður hlutur. Ég sé fyrir mér að kannski verði til augnlinsa sem fólk smellir í augað á sér og notar sem myndavél,



Á SVONA BRETTI VÆRI BÓKSTAFLEGA HÆGT AÐ FERDAST Á FLJÚGANDI FERÐ

sjónvarp og internetvafra, allt í senn. Ég sé fyrir að jafnvel verði bylting í skilningi á draumunum sem okkur dreymir á næturna, einn daginn verður kannski hægt að taka þá upp, endurupplifa morguninn eftir og að sjálfsögðu deila þeim á Facebook.

**Þ**essar spár mínar set ég fram án þess að þora að leggja eitthvað undir. Líkt og ég segi voru eflaust fáir sem spáðu fyrir um tilvist iPod Nano fyrir þremur áratugum og yfirleitt reynist erfitt að spá fyrir um tækninýjungar. Í því samhengi er gaman að benda á kvikmynd eins og Back to the Future II þar sem aðalpersónan ferðast fram til ársins 2015 þar sem allir helstu töffaramir fljúga um á svifbrettum. Sennilega verður að teljast ólíklegt að sú verði raunin á því herrans. Þegar tæknin er annars vegar skal þó aldrei segja aldrei, kannski verða svifbretti aðaljöfin jólin 2015. Þangað til bið ég spenntur og læt mig dreyma um að geta fengið „like“ á Facebook fyrir myndu draumana mína.

## ORÐ Í BELG

Einar Lövdahl Gunnlaugsson  
einar@monitor.is



# Jólagjafirnar fást í Dogma!

**Pac-Man**  
Vekjaraklukkan: 3.990 kr.



**Trim Phone**  
Sími: 9.990 kr.



**The Flipper**  
Steikarspáði: 1.990 kr.

**Hopside Down**  
Glas: 3.490 kr.



**Unzipped** Glerskál: 3.390 kr.



**Buckyballs** Segulboltar: 4.500 kr.

**Rubik's Cruet**  
Piparkvörn: 2.290 kr.



**Fisticup**  
Bolti: 3.190 kr.



**iPlunge** Símastandur: 1.490 kr.

**Dogma**  
Bolur: 3.200 kr.



**American Apparel**  
Hettupeysur: 7.900 kr.



**Mimobot** 4 GB USB kubbur: 4.500 kr.

**DOGMA**  
LAUGAVEGI 30 & SMÁRALIND

# Hvað á barnið að heita?



Stórstjörnur Hollywood taka oft upp á því að nefna börnin sín algjörlega einstökum nöfnum. **Monitor** gekk í hlutverk manna-nafnanefndar Hollywood og tók út nokkur af undarlegustu barnanöfnunum þar á bæ.

## Hljóðið í örbylgjuofninum

Bingham Hawn Bellamy

Síðastliðið sumar eignuðust leikkonan Kate Hudson og rokkarinn Matthew Bellamy soninn Bingham Hawn sem þau hyggjast kalla „Bing“. Þótt Bingham ku vera milli-nafn móður Bellamy þá hafa ýmsir grínast með að hugmynd nafnsins sé komin frá hljóðinu sem örbylgjuofn gefur frá sér þegar poppkornið er tilbúið.



VEDBANKAR SPÁ ÞVÍ AÐ NÆSTA BARN ÞEIRRA MUNI HEITA DING-DONG

## Skírður eftir Superman

Kal-el Cage

Leikarinn Nicolas Cage er afar ástríðufullur þegar kemur að áhugamálum sínum. Hann er gríðarlegur Elvis-áddáandi og gekk alla leið með þann áhuga þegar hann gekk að eiga dóttur Elvis, Lisu Marie Presley. Hann er einnig mikill myndasöguáhuga-maður og kom því til skila með því að skíra son sinn Kal-el sem er einmitt fæðingarnafn sjálfs Superman.



NICOLAS BÚR

## Krakki sem heitir Krakki

Kyd Duchovny

Eflaust er X-Files- og California-cation-stjarnan David Duchovny hrifinn af aulabröndurum og orðagríni því hann tók upp á því snjallræði að skíra son sinn Kyd sem hljómar auðvitað eins og hið enska orð „kid“ sem þýðir einmitt „krakki“ á hinu ástæra, ylhýra.



ER PETTA KANNSKI BARA EINS OG ÞEGAR MENN HEITA SVEINN?

## Blóðugt nafn

Sage Moonblood Stallone

Það þarf kannski ekki að koma mörgum á óvart að leikari sem hefur leikið jafneitilharða persónu og Rambo er, og það í heilum fjórum myndum, skuli skíra son sinn einhverju hörðu nafni. Í beinþýðingu mætti segja að sonurinn heiti Vitringur Mánablóð.



SYLVESTER STÁLLÓN

## Nefnd eftir tölvufyrirtækinu?

Apple Martin

Það væri forvitnilegt að vita hvort Steve Jobs og félagar hjá Apple-fyrirtækinu hafi ekki fagnað því árið 2004 þegar stjörnuþarið Chris Martin og Gwyneth Paltrow tóku upp á því að nefna dóttur sína Apple enda ágætisauglýsing fyrir fyrirtækið. Þess má til gamans geta að sonur þarsins heitir Moses Martin.




PALTROW OG MARTIN SJÁST NÁNAST ALDREI SAMAN OPINBERLEGA

## Flugmaður Eftirlitsmaður Jónsson

Pilot Inspektor Lee

Leikarinn Jason Lee úr My Name Is Earl gerðist aldeilis flippaður þegar hann ákvað að nefna son sinn hinu athyglisverða nafni Pilot Inspektor. Hann segist hafa sótt nafnið úr lagatexta eftir hljómsveitina Granddaddy en ef nafnið yrði íslenskað gæti það útlagst sem Flugmaður Eftirlitsmaður.



ÆTLI JASON LEE SÉ SVONA HRIFINN AF PILOT-PENNUM?

## Furðunafnaþema í U2?

Blue Angel Evans (The Edge)  
Memphis Eve Hewson (Bono)

Dætur þeirra Bono og The Edge, sem hafa gert garðinn frægan með U2, fengu sérstök nöfn þegar þær komu í heiminn. Dóttir Edge var nefnd Blár Engill á meðan nafnið Memphis Kvöld minnir um margt á nafn dóttur Bubba sem heitir Dögun París.



NÖFN ÞEIRRA U2 MANNA ERU ALVEG Á BRÚNINI



**KANINN  
FM 1005**

**KANINN  
FM 1005**

**KANINN  
FM 1005**

**KANINN  
FM 1005**

**KANINN  
FM 1005**

**KANINN  
FM 1005**

**KANINN  
FM 1005**

**KANINN  
FM 1005**

# KANINN BÝÐUR LOGA GEIRS VELKOMINN Í HÓP POPPSTJARNANA

LAGIÐ "KOMDU MEÐ" ER KOMIÐ Í BULLANDI SPILUN - TRYGGÐU ÞÉR EINTAK Á  
TONLIST.IS / FYLGSTU MEÐ Á MORGUN Á MBL SJÓNVARPI!

**BESTA TÓNLISTIN FRÉTTIR & SKEMMTILEGASTA FÓLKID**



## Eva Longoria

**Hæð:** 153 sentimetrar.  
**Besta hlutverk:** Gabrielle Solis í Aðþrengdum eiginkonum.  
**Staðreynd:** Upphaflega vildi Longoria verða fyrirsæta en henni var hafnað því hún var ekki nógu hávaxin.  
**Eitruð tilvitnun:** „Mér finnst það mjög fráhrindandi þegar karlmenn hafa ekki áhuga á íþróttum. Og þá eru tölvuleikir ekki taldir með. Ég var einu sinni að hitta mann sem spilaði mikið af tölvuleikjum og mig langaði að skjóta mig.“

**1975** Fæðist í Corpus Christi í Texas.

**1998** Kosin ungrú Corpus Christi.

**2000** Leikur gesta-hlutverk í Beverly Hills 90210 og í General Hospital.

**2001** Fær stórt hlutverk í vinsælli sápuóperu, The Young and the Restless, þar sem hún leikur Isabella Braña Williams til ársins 2003.

**2002** Giftist Tyler Christopher, leikara úr General Hospital.

**2003** Leikur í sjónvarpsþáttaröðinni The Dagnet. Þáttaröðin á sér langa sögu í Bandaríkjunum en hún er nú hætt í framleiðslu.

**2004** Landar hlutverkinu sem allir tengja hana við, Gabriella Solis í Desperate Housewives. Longoria og Christopher skilja.

**2005** Valin heitasta kvenstjarna ársins í Maxims.

**2006** Tilnefnd til Golden Globe-verðlaunanna ásamt mótleikkonum sínum fyrir bestu frammistöðuuna í sjónvarpsþáttum. Aftur er hún valin heitust í Maxims og er fyrst til að verma toppsætið tvö ár í röð.

**2007** Giftist köfnu-knattleiksmanninum Tony Parker í París. Sama ár fer hún með lítið hlutverk í The Heartbreak Kid sem skartar Ben Stiller í aðalhlutverki.

**2008** Leikur í myndinni Over Her Dead Body ásamt Paul Rudd og Jason Biggs. Opnar veitingastaðinn Beso á Hollywood Boulevard.

**2010** Sækir um skilnað við Parker vegna meints framhjáhalds hans.

**2011** Talar inn á jólamyndina Arthur Christmas.



## FRUMSÝNING HELGARINNAR

### Artúr bjargar jóluunum

Artúr bjargar jóluunum er stórskemmtileg mynd fyrir alla fjölskylduna sem afhjúpar loksins leyndarmálið sem öll börn hafa velt fyrir sér; hvernig í ósköpunum fara jólasveinarnir að því að afhenda allar þessar gjafir á einni nóttu? Skýringin: Úthugsað skipulag og hátæknivædd starfsemi, vel falin fyrir okkur hinum undir Norðurpólnum. Í aðalhlutverki er fjölskylda sem fer sífellt á kostum í góðlátlegum deilum og

valdabaráttu og það er sonurinn Artúr sem fær upp í hendurnar óendanlega mikilvægt verkefni sem verður að klára áður en jólin renna upp. Lítil stúlka fær ekki þakkann sinn og því þarf hann að fara ásamt álfnum Byrone á gömlum sleða til að afhenda gjöfina. En á leiðinni lenda þeir í ýmsum ævintýrum. Myndin er sýnd í þrívídd og tvívídd og bæði með íslensku og ensku tali.

**Leikstjórn:** Barry Cook og Sarah Smith.  
**Aðalhlutverk:** Hugh Laurie, Joan Cusack, Laura Linney, Michael Palin, Jim Broadbent, Bill Nighy, Imelda Staunton, James McAvoy og Eva Longoria.  
**Lengd:** 97 mínútur.  
**Aldurstakmark:** Leyfð öllum aldurshópum.  
**Kvikmyndahús:** Smárabíó, Háskólabíó og Borgarbíó.

Aðrar frumsýningar: Blitz • A Good Old Fashioned Orgy

FRUMSÝNDAR FÖS. 2. DESEMBER

**f VILTU MIÐA?** Monitor ætlar að gefa miða á Artúr bjargar jóluunum, fylgstu með... [facebook.com/monitorbladid](http://facebook.com/monitorbladid)

**TÖLVULEIKUR**

**Saints Row: The Third**

MMMMM

**Tegund:** Hasarleikur  
**PEGI merking:** 18+  
**Útgefandi:** THQ

**Dómar:** Gamespot 8,5 af 10 / IGN 8,5 af 10 / Eurogamer 7 af 10

XXXX XXXXXXXX XXX  
 XXXXXX XXXX XXXX

### Frjáls með gúmmítýppi

Þeir sem héldu að Grand Theft Auto-leikirnir væru að missa sig í ruglinu ættu að endurskoða líf sitt, því Saints Row The Third lætur Grand Theft Auto-leikina líta út eins og Stundina okkar. Þegar hér er komið við sögu er Saints-klíkan orðin heimsfræg og meðlimir hennar hálfgerðar rokkstjórnur. Varningur með nafni þeirra selst eins og heitar lummur og allt lítur vel út. En nákvæmlega þá dettur inn ný klíka sem ætlar sér að taka yfir svæði dýrlinganna og þurfa þeir að verja sig og sína með kjafti og klóm.

Saints Row The Third spilast líkt og Grand Theft Auto og slíkir leikir, en þar geta leikmenn fylgt söguþræðinum, en þess á milli misst sig í algjöru frjálsræði. Í upphafi leiksins geta leikmenn búið til sína eigin persónu og eru þar engin takmörk nema ímyndunarafl þess sem spilar. Svæðið sem leikmenn geta vaðið um er mjög stórt og inniheldur það óteljandi verkefni á borð við að koma hlutum á milli staða, stoppa sölu á eiturlyfjum hjá öðrum gengjum, verja einhverjar persónur og margt fleira. Þess fyrir utan geta leikmenn bara hangið og framið allskyns gjörninga.

Líkt og í þessum leikjum er svæði leiksins lifandi með helling af íbúum, bílum og fleiru og geta leikmenn stolið bílunum og valdið allskyns glund-

roða. Nóg er af vopnum í leiknum og eru þau allt frá skammtbyssum yfir í að leikmenn geta kallað inn loftárásir. En eitt öflugasta vopn leiksins er risastórt og fjöloblátt gúmmítýppi.

**Skemmtilegasti leikur ársins**

Leikinn geta tveir spilað saman í sérstökum „co-op“ möguleika og svo er í leiknum svokallað „Whored mode“ þar sem leikmenn þurfa að berjast við heilu torfurnar af allskyns undarlegu fóli og reyna að komast sem lengst. Grafikin í Saints Row The Third er klárlega ekki sú besta sem sést hefur, en skilar sínu og ná framleiðendur hans að skapa skemmtilegan heim. Tónlistin er mjög flott og vel valin og sama má segja um talsetninguna sem er í mjög háum gæðaflokki. Að mínu mati er Saints Row The Third skemmtilegasti leikur ársins og er öllu fórnað til að gera skemmtunina sem mesta. Þannig að ef þig hefur dreymt um að hlaupa um nakinn vopnaður gúmmítýppi þá er leikurinn klárlega fyrir þig.

Ólafur Þór Jóelsson



### Þrusumynd

Í stuttu máli er myndin um sérsvaitarforingjann Nascimento sem fær nýtt hlutverk eftir að hann er leystur frá störfum og þarf að berjast við heim glæpa á nýjum vettvangi. Ég verð að viðurkenna að ég hef ekki séð mikið af myndum frá Brasilíu en það er eitthvað sem ég þarf greinilega að fara að gera meira af. Tropa de elite 2 er nefnilega þrusumynd sem gefur ekkert eftir. Ég hafði ekki séð fyrri myndina þannig að ég vissi í rauninni ekkert hvað ég var að fara út í. Hér var þó sem betur fer um að ræða sjálfstætt framhald og því ekki nauðsynlegt að hafa séð þá fyrri. Myndin fer vel af stað og frá fyrstu mínútu er allt að gerast. Stundum var reyndar svolítið erfitt að átta sig á því hvað væri í raun og veru að gerast en með smá þolinmæði kom skilningurinn yfirleitt á endanum. Handritið er mjög þétt og hnytir alla hnúta vel. Greinilegt er að handritshöfundarnir hafa kynnt sér efnið vel enda skýtur myndin föstum skotum á stjórnarkerfið í Brasilíu og þá spillingu sem þar á að ríkja. Uppbyggingin er mjög góð og allir karakterar mjög óútreiknanlegir. Maður veit í raun aldrei hverju maður á von á. Leikurinn í myndinni er mjög góður og þá sérstaklega hjá aðalleikaranum honum Wagner Moura. Hann gerir harðhausahlutverkinu góð skil en er þó mannlegur í senn sem gefur meiri dýpt. Skúrkarmin eru líka mjög góðir og algjörir skíthælar. Öll tæknivinnsla er til fyrirmyndar. Myndatakan flott sem og hljóðið sem skiptir öllu máli í svona mynd. Byssu-hljóðin eru öflug og maður finnur fyrir hverri einustu kúlu. Semsagt, Tropa de elite 2 er virkilega góð mynd sem óhætt er að mæla með.



**Kristján Sturla Bjarnason**

**TROPA DE ELITE 2**  
 MMMMM



Hefurðu velt því fyrir þér hvernig maður fer að því að afhenda tvo milljarða gjafa á einni nóttu?

VILTU VINNA MIÐA?

Welcome to the NORTH POLE

Kvikmyndin inniheldur lagð "Santa Claus Is Coming To Town" með JUSTIN BIEBER af nýju plötuvæð hans "UNDER THE MISTLETOE" sem inniheldur einnig nýja lagð "MISTLETOE"

# ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM

3D

FRUMSÝND Á MORGUN!



SENDU SMS SKEYTIÐ  
ESL ARTUR

Á NÚMERIÐ 1900  
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!

FULLT AF VINNINGUM:  
BÍÓMIÐAR

TÖLVULEIKIR - DVD MYNDIR - GOS OG FLEIRA!

VINNINGAR AFHENTIR Í ELKO LINDUM. 149 KR/SKEYTIÐ. MEÐ ÞVI AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB.

WWW.SENA.IS/ARTHUR





# VILT ÞÚ KOMAST Á FORSÍÐUNA?



Farðu á Facebook  
síðu MONITOR og  
taktu þátt í  
skemmtilegum leik.



1

Þú gætir komist á forsíðu Monitor  
og gætir unnið stórglæsilegan  
Samsung Galaxy SII snjallsíma  
og TRIWA-úr frá Kastaníu



ÍSLENSKA

# HAMBORGARAFABRIKKAN



## DAGSKRÁ HÁDEGISTÓNLEIKA FABRIKKUNNAR

MÁNUDAGUR 5. DES. KL. 12.00

**TOGGI**

ÞRIÐJUDAGUR 13. DES. KL. 12.00

**KLASSART**

ÞRIÐJUDAGUR 20. DES. KL. 12.00

**GRM** - Gylfi Ægis, Rúnar Dór og Megas

ÞRIÐJUDAGUR 6. DES. KL. 12.00

**STEINDINN OKKAR**

MÍÐVIKUDAGUR 14. DES. KL. 12.00

**DIKTA**

MÍÐVIKUDAGUR 21. DES. KL. 12.00

**ELDAR**

MÍÐVIKUDAGUR 7. DES. KL. 12.00

**PAPAR**

FIMMTUDAGUR 15. DES. KL. 12.00

**BIRGITTA HAUKDAL**

FIMMTUDAGUR 22. DES. KL. 12.00

**INGÓ**

MÁNUDAGUR 12. DES. KL. 12.00

**LIFUN**

MÁNUDAGUR 19. DES. KL. 12.00

**HELGI BJÖRNS &  
REIÐMENN VINDANNA**

FÖSTUDAGUR 23. DES. KL. 12.00

**VALDIMAR**

ÁRLEGIR ÞORLÁKSMESSUTÓNLEIKAR

**JÓN JÓNSSON**

FÖSTUDAGUR 23. DES. KL. 22.00